

Ed.

420. Frumvarp til laga

[182. mál]

um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda.

(Lagt fyrir Alþingi á 102. löggjafarþingi 1979—80.)

1. gr.

Laun og önnur starfskjör, sem aðildarsamtök vinnumarkaðarins semja um, skulu vera lágmarkskjör fyrir alla launamenn í viðkomandi starfsgrein á svæði því, er samningurinn tekur til. Samningar einstakra launamanna og atvinnurekenda um lakari kjör en hinir almennu kjarasamningar ákveða skulu ógildir.

2. gr.

Öllum launamönnum og þeim, sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, er rétt og skylt að eiga aðild að lífeyrissjóði viðkomandi starfsstéttar eða starfshóps, enda starfi lífeyrissjóðurinn skv. sérstökum lögum eða reglugerð, sem staðfest hefur verið af fjármálaráðuneytinu. Atvinnurekendum er skylt að halda eftir af launum starfsfólks síns iðgjaldshluta þess og standa viðkomandi lífeyrissjóði skil á honum, ásamt móttframlagi sínu, samkvæmt þeim reglum, sem settar eru um iðgjaldagreiðslur í reglugerð viðkomandi sjóðs eða lögum. Verði ágreiningur um það, til hvaða lífeyrissjóðs iðgjöld skuli greidd, úrskurðar fjármálaráðuneytið hann, að fenginni umsögn Vinnuveitendasambands Íslands og Alþýðusambands Íslands.

3. gr.

Tryggingaskylda skal innt af hendi með þátttöku í lífeyrissjóðum skv. 2. gr. eftir því sem kostur er og samkvæmt reglum einstakra sjóða um sjóðsaðild. Eigi maður ekki sjálfsagða aðild að sjóði skv. 2. gr. velur hann sér lífeyrissjóð eftir því sem reglur einstakra sjóða leyfa. Sé tryggingaskyldu ekki fullnægt með þessum hætti, skal henni fullnægt með iðgjaldagreiðslum til Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda, sem starfar samkvæmt sérstökum lögum.

4. gr.

Sé ekki greitt iðgjald vegna einhvers starfandi manns í samningsbundinn eða lögbundinn lífeyrissjóð, sem viðurkenndur er af fjármálaráðuneytinu, að minnsta kosti 10% af viðurkenndum stofni iðgjalda, hvort sem hann er dagvinnulaun, kaupviðmiðun eða heildarlaun, eftir því sem kveðið er á um í reglugerðum eða lögum, eða af reiknuðu endurgjaldi fyrir starf við eigin rekstur sjálfstæðra atvinnurekenda skv. 2. mgr. 1. tl. A-liðar 7. gr. laga nr. 40/1978, sbr. 59. gr. sömu laga, skal greiða það sem á vantar til lífeyrissjóðs í samræmi við reglur sjóðsins annað hvort eftir vali viðkomandi manns, sbr. ákvæði 2. og 3. gr. þessara laga, eða samkvæmt ábendingu lífeyrisskrár, sem fjármálaráðuneytið annast. Heimilt er að ákveða með reglugerð hámark fyrir greiðslu iðgjalda samkvæmt þessari grein.

Greiðsla iðgjalda skal fara eftir reglugerðum viðkomandi lífeyrissjóðs. Sé iðgjald miðað við reiknað endurgjald fyrir störf við eigin rekstur skal stofn iðgjaldsins ákvarðaður sem reiknað endurgjald á næstliðnu ári, samkvæmt skattframtali eða ákvörðun skattstjóra, uppfært til þess tímabils sem greiðslan tekur til. Fjármálaráðuneytið ákveður og birtir uppfærslustuðul endurgjaldsins með hliðsjón af almennum launabreytingum.

5. gr.

Eftir gildistöku laga þessara er lífeyrissjóðum einungis heimilt að endurgreiða sjóðsfélögum iðgjöld þeirra í því skyni að færa féð og þar með réttindi, sem þeim fylgja, milli lífeyrissjóða. Þó er heimilt að ákveða í reglugerð endurgreiðslur til

erlendra ríkisborgara, sem flytja af landi brott, og á þeim iðgjöldum, sem menn greiða til lífeyrissjóða eftir að þeir hafa náð 75 ára aldri, svo og á þeim hluta iðgjalda, sem kann að fara fram úr því, sem skylt er að greiða samkvæmt lögum eða kjarasamningum.

6. gr.

Öllum atvinnurekendum er skylt að greiða í sjúkrasjóði og orlofssjóði viðkomandi stéttarfélagi iðgjöld þau, sem aðildarsamtök vinnumarkaðarins semja um hverju sinni, og samkvæmt þeim reglum, sem kjarasamningar greina.

Atvinnurekanda er skylt að halda eftir af launum starfsmanns iðgjaldi hans til viðkomandi stéttarfélags skv. þeim reglum, sem kjarasamningar greina.

7. gr.

Verði vanskil á greiðslu iðgjalda samkvæmt 2.--4. gr. laga þessara skulu vanguardin iðgjöld innheimt með vanskilavöxtum, sem Seðlabanki Íslands heimilar innlánsstofnunum hæsta að taka, frá gjalddaga.

8. gr.

Iðgjaldakröfur samkvæmt 2., 3., 4. og 6. gr. laga þessara njóta forgangsréttar í þrotabúi atvinnurekanda samkvæmt 1. og 4. tölulið 84. gr. laga nr. 3, 12. apríl 1878, sbr. 1. gr. laga nr. 23, 21. maí 1979.

9. gr.

Ráðherra setur nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara með reglugerð.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 9, 14. mars 1974 um starfskjör launþega o. fl.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið á vegum hinnar svonefndu 8-manna lífeyrisnefndar ASÍ, FFSÍ, VSÍ og VSS. Nefnd þessi er önnur tveggja lífeyrisnefnda, sem fjármálaráðherra skipaði 20. júlí 1976 til að semja tillögur um nýskipan lífeyriskerfisins.

Nefndina skipa nú þessir menn:

Jón Sigurðsson, hagrannsóknastjóri, formaður, tilnefndur af ríkisstjórninni,
Eðvarð Sigurðsson, fv. alþingismaður, tilnefndur af Alþýðusambandi Íslands,
Guðmundur H. Garðarsson, fv. alþingismaður, tilnefndur af Alþýðusambandi Íslands,

Jóhannes Siggeirsson, hagfræðingur, tilnefndur af Alþýðusambandi Íslands,
Ingólfur S. Ingólfsson, vélstjóri, tilnefndur af Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands,

Páll Sigurjónsson, verkfræðingur, tilnefndur af Vinnuveitendasambandi Íslands,
Gunnar J. Friðriksson, forstjóri, tilnefndur af Vinnuveitendasambandi Íslands,
Skúli Pálmason, hæstaréttarlögmaður, tilnefndur af Vinnuálagasambandi samvinnufélaganna.

Ritari nefndarinnar er Hallgrímur Snorrason, hagfræðingur.

Hér fara á eftir þær athugasemdir, sem frumvarpinu fylgdu frá nefndinni:

Í desember 1979 samþykkti Alþingi frumvarp til laga um eftirlaun aldraðra. Það frumvarp var undirbúið á vegum lífeyrisnefndanna tveggja sem fyrr var getið, en með lögnum um eftirlaun aldraðra var lágmarksréttur til eftirlauna samkvæmt lögnum um eftirlaun aldraðra félaga í stéttarfélögum gerður að almennum rétti. Við undirbúning og samþykkt laganna um eftirlaun aldraðra var gert ráð fyrir, að

nauðsynlegt væri í framhaldi af þeim að sett yrðu í lög ákvæði um skylduaðild að lífeyrissjóðum. Ástæðan er, að sú ráðstöfun ein sér, að tryggja tilteknum aldurs-
hópum réttindi með þeim hætti, sem gert er í lögnum um eftirlaun aldraðra, án þess að koma jafnframt á skylduaðild að lífeyrissjóðum fyrir hlutaðeigandi stéttir og starfsgreinar, hefur óhjákvæmilega í för með sér misræmi. Í fyrsta lagi er þess skammt að biða, að elstu árgangar þess fólks, sem ekki uppfyllir það skilyrði að vera fætt árið 1914 eða fyrr, nái ellilífeyrisaldri og geti að verulegu leyti orðið án lífeyrisréttinda. Gagnvart ekkjum manna sem ekki hafa átt aðild að sjóðum, kemur þetta misræmi í ljós þegar eftir gildistöku hinna nýju laga. Ennfremur eru í lögnum um eftirlaun aldraðra ákvæði, er koma í veg fyrir, að menn geti hætt við lífeyristryggingu, er þeir greiða iðgjald af og njóta nú, og notið í staðinn réttinda samkvæmt eftirlaunalögnum. Verður að teljast óeðlilegt, að krafist sé fullrar greiðslu af þeim, sem orðið hafa eða kosið að gerast félagar í lífeyrissjóði, en hinir, sem látið hafa þátttöku undir höfuð leggjast eða hafa ekki átt á henni kost með sjálfsögðum hætti, öðlist réttindi án greiðslu, ekki einungis fyrir liðinn tíma, heldur einnig framvegis. Eftir gildistöku eftirlaunalaganna er því óhjákvæmilegt að þegar verði komið á skylduaðild að lífeyrissjóði fyrir þá starfandi menn, sem þátttöku-skylda nær enn ekki til samkvæmt lögum eða kjarasamningum. Tilgangur þessarar lagasetningar sem hér er gerð tillaga um, er þannig að tryggja að allir starfandi menn beri á sama hátt kostnað af lífeyristryggingum eftir að nær öllum landsmönnum hefur verið tryggður sá lágmarksréttur til eftirlauna sem felst í lögnum um eftirlaun aldraðra.

Lífeyrisnefnd ASÍ, FFSÍ og atvinnurekenda hefur unnið að undirbúningi þessa máls að undanfögnu. Heilbrigðis- og tryggingaráðuneytið og fjármálaráðuneytið hafa í samráði við 8-manna nefndina talið heppilegast að undirbúin verði þrjú frumvörp til að ljúka þeim áfanga í lífeyrismálum, sem hófst með lögnum um eftirlaun aldraðra. Frumvarpið, það sem hér liggur fyrir, felur í sér almenn ákvæði um lífeyrisréttindi og skyldutryggingu, en í öðru frumvarpi er kveðið á um stofnun og starfrækslu almenns, óbundin lífeyrissjóðs, sem verða skal sjóður þeirra manna, sem ekki eiga ótvíræða sjóðsaðild annars staðar og ekki kysu að eiga aðild að þeim lífeyrissjóðum, sem fyrir eru eða stofnaðir kynnu að verða og fullnægja ákvæðum laganna. Í þriðja frumvarpinu er loks gert ráð fyrir að tekin verði upp almenn og heildstæð skráning lífeyrisréttinda og iðgjaldagreiðslna.

Með frumvarpi þessu um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda er stefnt að því að koma á almennri aðild allra starfandi manna að lífeyrissjóðum. Að málinu hafa starfað með 8-manna nefndinni þeir Höskuldur Jónsson, ráðuneytisstjóri og Hallgrímur Snorrason, hagfræðingur, en áður hafði Guðjón Hansen, tryggingafræðingur unnið að undirbúningi þess. Sú leið hefur verið valin að semja frumvarp til laga, sem leysti af hólmi lögin um starfskjör launþega nr. 9/1974. Frumvarpið felur þannig í sér öll efnisatriði laganna um starfskjör launþega en gerir ráð fyrir að við þau verði aukið ákvæðum um rétt og skyldur fyrir alla starfandi menn að eiga aðild að lífeyrissjóðum og greiða iðgjöld til þeirra. Með þessum hætti er verið að áréttu og skilgreina nánar lífeyrisákvæði laganna nr. 9/1974, en þau munu ekki hafa verið mótuð til fulls né hefur verið unnt að framkvæma þau með fullnægjandi hætti. Jafnframt þykir rétt að athygli sé vakin á skylduaðildarmálinu með sjálfstæðri löggjöf fremur en með breytingu á einstökum greinum laganna um starfskjör launþega, enda er hér verið að gæða lögin fyllri tilgangi en þau hafa haft til þessa.

Meginákvæði þessa frumvarps hvað varðar það mál, sem hér um ræðir, felast í 2., 3. og 4. gr. þess. Í 2. gr. er gert ráð fyrir almennum ákvæðum um rétt og skyldu til lífeyrissjóðsaðildar og greiðslu iðgjalda til lífeyrissjóða. Í 3. gr. eru ákvæði um hvernig tryggingaskylda skuli innt af hendi. Meginreglan yrði, samkvæmt þessum tillögum, að tryggingaskyldu sé fullnægt með þátttöku í þeim lífeyrissjóðum viðkomandi starfsstéttar eða starfshóps, sem fyrir eru og eftir því sem reglur ein-

stakra sjóða um sjóðsaðild leyfa. Á hinn bóginn er óhjákvæmilegt, vegna þeirra manna, sem ekki eiga sjálfsgöða aðild að einhverjum þeirra lífeyrissjóða, sem fyrir eru, að þeim standi til boða aðild að ákveðnum, óbundnum lífeyrissjóði, sem sé öllum opin. Því er gert ráð fyrir stofnun sérstaks, almenns lífeyrissjóðs til að gegna þessu hlutverki og er sá sjóður nefndur Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda í frumvarpi þessu. Er gert ráð fyrir, að sé tryggingaskyldu ekki fullnægt með þáttöku í starfandi lífeyrissjóðum samkvæmt þeirri meginreglu, sem áður var nefnd, skuli henni fullnægt með iðgjaldagreiðslum til Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda.

Í 4. gr. eru ákvæði um lágmark lífeyrisiðgjalda. Ákvæði um iðgjöld í reglugerðum sjóða og lögum um lífeyrissjóði eru nú mjög mismunandi og hið sama gildir því um iðgjaldakvaðir hinna ýmsu sjóða. Nauðsynlegt er að reglur um iðgjaldagreiðslur sjóðanna verði samræmdar og er að því stefnt með undirbúningi heildarlöggjafar um lífeyrissjóði, eins og vikið er að hér á eftir. Þegar nú á að hrinda í framkvæmd skyldutryggingu lífeyrisréttinda er hins vegar óhjákvæmilegt að kveðið verði á um lágmarkskvöð til greiðslu iðgjalda. Samkvæmt þessu frumvarpi yrði lágmarksiðgjald miðað við viðurkenndan iðgjaldsstofn þess lífeyrissjóðs, sem í hlut á. Erfitt kann að reynast að ákvarða iðgjaldsstofn fyrir sjálfstæða atvinnurekendur samkvæmt gildandi reglum og því er hér lagt til, að einnig verði unnt að ákvarða iðgjaldsstofn þann, sem lágmarksiðgjald reiknast af, sem reiknað endurgjald fyrir störf við eigin atvinnurekstur á næstliðnu ári, samkvæmt ákvæðum laga um tekju- og eignarskatt, uppfært í hátt við almennar launabreytingar til þess tíma sem iðgjaldsgreiðslan tekur til. Gert er ráð fyrir, að iðgjöld skuli að minnsta kosti nema 10% af þeim stofni, sem við á hverju sinni eins og er hin almenna regla í lífeyrissjóðum, sem nú starfa. Loks er í 4. gr. lagt til, að ákveða megi með reglugerð hámark iðgjalda til lífeyrissjóða. Reglur um hámarksfjárhæð iðgjalda eru nú til hjá nokkrum lífeyrissjóðum og er hér gert ráð fyrir að ef þurfa þykir megi setja almenn ákvæði um hámarksiðgjöld svipuð þeim, sem nú er beitt hjá nokkrum sjóðanna.

Í framhaldi af tillögum 2.—4. gr. þessa frumvarps um skyldu til lífeyristryggingar og greiðslu iðgjalda til lífeyrissjóðs er í 5. gr. lagt til að óheimilt verði að endurgreiða sjóðfélögum iðgjöld nema um sé að ræða flutning réttinda frá einum sjóði til annars. Óhjákvæmilegt er að endurgreiðslur verði takmarkaðar með þessum hætti ella næðu lögin um skyldutryggingu naumast tilgangi sínum. Gert er ráð fyrir að þessi ákvæði nái jafnt til allra lífeyrissjóða, hvort sem þeir eru lögbundnir eða samningsbundnir, og að þau komi í stað ákvæða um endurgreiðslur, sem eru í ýmsum sérlægum um lífeyrissjóði. Slík ákvæði eru meðal annars í lögum um lífeyrissjóði barnakennara, bænda, hjúkrunarkvenna, ljósmæðra, sjómanna og um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

Nú um nokkurt skeið hefur Biðreikningur lífeyrissjóðsiðgjalda, sem er í vörslu fjármálaráðuneytis, gegnt að nokkru því hlutverki sem hér er lagt til að verði falið Söfnunarsjóði lífeyrisréttinda. Fjármálaráðuneytið hefur að undanfögnu unnið að gerð frumvarps um Söfnunarsjóði lífeyrisréttinda. Hefur ráðuneytið haft samráð við 8-manna lífeyrisnefndina um þetta verk og hefur nefndin fylgst með gerð þess og rætt það á mörgum fundum, en jafnframt hefur Höskuldur Jónsson, ráðuneytisstjóri, unnið með lífeyrisnefndinni að gerð frumvarpsins um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda. Jafnframt hefur ráðuneytið í samráði við nefndina undirbúið frumvarp til laga um skráningu lífeyrisréttinda. Með skráningu þessari er stefnt að því að koma á fót samræmdu upplýsingakerfi um lífeyrisréttindi og iðgjaldagreiðslur, sem orðið geti hvort tveggja í senn, stofn fyrir eftirlit með því að lagaákvæðum um skylduaðild að lífeyrissjóðum sé fullnægt og grundvöllur heildarendurskoðunar á lífeyriskerfinu og samræmingar á lífeyrisréttindum og iðgjaldagreiðslum. Frumvörp þessi eru hluti einnar heildar, þau eru samin samhliða og lögð fram samtímis og brýnt að þau verði afgreidd án tafar. Eins og fram kemur í bréfi frá nefndinni til ráðherra (fskj. 1), mælir 8-manna nefndin með flutningi þessara frumvarpa.

Að loknum þessum áfanga í lífeyrismálum er nauðsynlegt að unnið verði að undirbúningi heildarlöggjafar um lífeyrissjóði. Þetta er ekki síst nauðsynlegt þar sem í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir, að lög og reglugerðir lífeyrissjóða ákvarði sjóðsaðild og iðgjaldsskyldu nýrra sjóðfélaga á sama hátt og hinna, sem þegar eru þátttakendur í lífeyrissjóðum. Eins og nú, verður áfram að gera ráð fyrir, að um greiðslur til fleiri en eins sjóðs geti orðið að ræða vegna sama manns ef hann gegnir fleira en einu starfi og um þetta kann að þurfa samræmdar reglur. Þá er ljóst að setja verður nánari ákvæði um lágmarksiðgjaldsskyldu þar sem reglugerðir sumra lífeyrissjóða gera meðal annars ráð fyrir, að iðgjaldsskylda falli niður við 70 ára aldur án tillits til réttindamyndunar og þar sem starf eftir 70 ára aldur getur veitt lífeyrisréttindi samkvæmt lögnum um eftirlaun aldraðra án tillits til iðgjaldsgreiðslna. Jafnframt þarf svo að kveða nánar á um réttindi þess fólks, sem nú er að nálgast lífeyrisaldur, en ekki uppfyllir það skilyrði að vera fætt 1914 eða fyrr. Það er því bæði eðlilegt og raunar óhjákvæmilegt eftir að skyldutrygging lífeyrisréttinda hefur verið lögfest með þeim hætti, sem hér er lagt til, að sett verði löggjöf sem kveði á um réttindi og lágmarksskyldur lífeyrissjóða, meðal annars hvað varðar myndun lífeyrisréttinda, flutning réttinda milli sjóða, vörslu, tryggingu og ávöxtun iðgjalda auk þess sem kveðið verði á um bókhald og reikningsskil sjóða.

Sá áfangi, sem telja má að nú hafi náðst í lífeyrismálum með lögum um eftirlaun aldraðra og flutningi frumvarps um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, er engan veginn endanlegur. Þess vegna þarf nú að herða sem mest undirbúning að gerð tillagna um, hvernig koma megi á næstu árin heildstæðu kerfi samfélðra lífeyrisréttinda fyrir alla landsmenn, en að því hefur þegar verið lagður grunnur með samkomulagi launafólks og atvinnurekenda í lífeyrismálum á undanfórnum árum sem og með stefnuyfirlýsingum stjórnvalda, allra stjórnmalaflokka og ýmissa hagsmunasamtaka.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Grein þessi er samhljóða 1. gr. laga nr. 9/1974.

Um 2. gr.

Grein þessi er að því er launafólk varðar í aðalatriðum óbreytt frá 2. gr. laga nr. 9/1974. Helstu breytingar eru þær að hér er lagt til, að réttur og skylda til lífeyrissjóðsaðildar nái til þeirra manna, sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, auk þess sem ákvæðin taka til launafólks eins og áður var. Jafnframt er skilyrt, að sá lífeyrissjóður sem í hlut á, starfi samkvæmt sérstökum lögum eða reglugerð, sem staðfest hafi verið af fjármálaráðuneytinu.

Um 3. gr.

Helstu nýmæli þessa frumvarps felast í 3. og 4. gr. Í 3. gr. er kveðið á um þá meginreglu, að tryggingaskyldu skuli inna af hendi með þátttöku í starfandi lífeyrissjóðum starfsstéttar eða starfshóps þess manns, sem í hlut á, eftir því sem kostur er, og samkvæmt reglum einstakra sjóða um aðildarskilyrði. Á hinn bóginn munu menn ekki alltaf eiga sjálfsgöða aðild að ákveðnum lífeyrissjóði, til dæmis þegar atvinnurekendur eða ýmsir þeir sem stunda sjálfstæða starfsemi eiga í hlut, og er þá gert ráð fyrir að unnt verði að velja um til hvaða sjóðs iðgjöld skuli greidd eftir því sem reglur einstakra sjóða um sjóðsaðild leyfa. Loks eru í 3. gr. ákvæði, sem eiga að tryggja að enginn komist undan skyldutryggingu en um leið er þeim mönnum, sem nú eiga ekki aðild að lífeyrissjóðum eða eru utan þeirra starfsstétta eða starfshópa, sem starfandi lífeyrissjóðir taka til, gefinn kostur á þátttöku í almennum, óbundnum sjóði, Söfnunarsjóði lífeyrisréttinda, en gert er ráð fyrir að sett verði sérstök löggjöf um starfsemi hans. Um þessi ákvæði er að öðru leyti fjallað í almennum athugasemdum hér að framan.

Um 4. gr.

Í 4. gr. er kveðið á um lágmarksiðgjöld og greiðslur þeirra. Lagt er til, að greiða skuli að lágmarki 10% af iðgjaldsstofni, sem er skilgreindur sem viðurkenndur stofn iðgjalda samkvæmt ákvæðum gildandi reglugerða lífeyrissjóða eða laga, hvort sem iðgjaldsstofninn er dagvinnulaun, föst kaupviðmiðun eða heildarlaun. Jafnframt er lagt til, að unnt verði að ákvarða stofn lágmarksiðgjalds fyrir sjálfstæða atvinnurekendur sem reiknað endurgjald fyrir starf við eigin atvinnurekstur skv. 2. mgr. 1. tl. A-liðar 7. gr. laga nr. 40/1978 um tekju- og eignaskatt, sbr. 59. gr. sömu laga. Iðgjald yrði þá miðað við reiknað endurgjald á næstliðnu ári, samkvæmt skattframtali eða ákvörðun skattstjóra, eftir að það hefur verið uppfært til þess tímabils, sem greiðslan tekur til. Yrði uppfærslan miðuð við almennar launabreytingar á tímabilinu og er lagt til að fjármálaráðuneytið ákvarði og birti uppfærslustuðul hvers ársfjórðungs. Loks er lagt til að setja megi með reglugerð ákvæði um hámarksfjárhæð iðgjalda á hverjum tíma líkt og nú er hjá ýmsum lífeyrissjóðum.

Um 5. gr.

Hér er gert ráð fyrir ákvæðum, sem banni endurgreiðslu á iðgjöldum til sjóðsfélaga nema um sé að ræða flutning réttinda frá einum lífeyrissjóði til annars. Eftir að skyldutryggingu lífeyrisréttinda hefur verið komið á er slík takmörkun endurgreiðslna óhjákvæmileg enda næðu lögin naumast tilgangi sínum ella. Á hinn bóginn er gert ráð fyrir að flutningur lífeyrisréttinda milli sjóða verði heimill eins og verið hefur auk þess sem eðlilegt er talið að útlendingar, sem flytja af landi brott, eigi kost á að fá iðgjöld endurgreidd. Loks er gert ráð fyrir að heimilt verði að endurgreiða iðgjöld, sem greidd eru eftir að 75 ára aldri er náð, svo og þann hluta iðgjalda, sem kann að vera umfram það sem skylt er að greiða samkvæmt lögum eða kjarasamningum.

Gert er ráð fyrir, að ákvæði þessarar greinar nái jafnt til allra lífeyrissjóða og komi í stað ákvæða um heimildir til endurgreiðslu iðgjalda, sem nú eru í nokkrum sérlögum um lífeyrissjóði. Ákvæði þessarar greinar hafa því áhrif á ákvæði í eftirtöldum lögum:

- Ákvæði í 15. gr. laga nr. 85/1963 um Lífeyrissjóð barnakennara.
- Ákvæði í 14. gr. laga nr. 101/1970 um Lífeyrissjóð bænda.
- Ákvæði í 14. gr. laga nr. 16/1965 um Lífeyrissjóð hjúkrunarkvenna.
- Ákvæði í 17. gr. laga nr. 86/1938 um Lífeyrissjóð ljósmæðra.
- Ákvæði í 18. gr. laga nr. 49/1974 um Lífeyrissjóð sjómanna.
- Ákvæði í 17. gr. laga nr. 29/1963 um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

Um 6. gr.

Fyrri málsgrein 6. gr. er samhljóða 3. gr. laga nr. 9/1974, en í síðari málsgreininni er kveðið á um skyldu atvinnurekanda til að halda eftir af launum starfsmanns iðgjaldi hans til viðkomandi stéttarfélags samkvæmt kjarasamningum.

Um 7. gr.

Í 7. gr. er lífeyrissjóðum heimilað að innheimta vangoldin iðgjöld með van-skilavöxtum eins og eðlilegt er, en um þetta skortir nú almennar lagareglur.

Um 8. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru efnislega hin sömu og ákvæði 4. gr. laga nr. 9/1974 um starfskjör launþega, en hér er tekið fram svo ekki orki tvímælis, hvaða forgangsréttar iðgjaldakröfur njóta í þrotabúi atvinnurekenda samkvæmt gildandi lögum

Um 9. og 10. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

**LÍFEYRISNEFND ASÍ, FFSÍ
OG VINNUVEITENDA**

21. apríl 1980.

Til fjármálaráðherra, Ragnars Arnalds,
og heilbrigðis- og tryggingaráðherra, Svavars Gestssonar.

Hér með fylgja drög að frumvarpi til laga um starfskjör launþega og skyldu-
tryggingu lífeyrisréttinda, ásamt greinargerð og athugasemdum. Frumvarp þetta
hefur verið samið á vegum 8-manna lífeyrisnefndar Alþýðusambands Íslands, Far-
manna- og fiskimannasambands Íslands, Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnu-
málasambands samvinnufélaganna. Nefndin hefur jafnframt átt þátt í undirbún-
ingi og samningu frumvarpa til laga um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda og skráningu
lífeyrisréttinda. Nefndarmenn eru á einu máli um, að ofangreind þrjú frumvörp
verði flutt til að ljúka þeim áfanga í lífeyrismálum, sem hófst með lögunum um
eftirlaun aldraðra.

Virðingarfyllt,

Jón Sigurðsson.

Eðvarð Sigurðsson.
Guðmundur H. Garðarsson.
Jóhannes Siggeirsson.

Gunnar J. Friðriksson.
Páll Sigurjónsson.
Skúli J. Pálmason.

Ingólfur Sig. Ingólfsson.